

Reykjavík 22. mars 2002

Nefndarsvið Alþingis
b.t. sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva um frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Á stjórnarfundum Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var 14. mars sl. var frumvarpið tekið til umfjöllunar og mætti Einar K. Guðfinnsson, form. sjávarútvegsnefndar á fundinn og gerði grein fyrir frumvarpinu og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Að loknum umræðum var undirrituðum falið að koma eftirfarandi sjónarmiðum SF á framfæri við sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Í ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var 5. október 2001 var ítekað að tillögur Auðlindanefndar um gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum gætu lagt grunn að samkomulagi um auðlindagjald á sjávarútveg, enda verði gjaldtakan mjög hófleg og jafnræðis verði gætt á milli atvinnugreina.

Það voru því mikil vonbrigði að endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða margklofnaði í álitinu sínu síðasta haust. Tillögur meirihluta nefndarinnar gerðu ráð fyrir kostnaðar- tengdu veiðigjaldi og afkomutengdu auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Þá var einnig gert ráð fyrir auknu frjálsræði og að heimilt væri að skrá aflahlutdeild á fiskvinnslustöðvar og rýmkaðar verði reglur um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja.

Í niðurlagi ályktunar aðalfundar SF síðasta haust sagði að umfram allt verði að tryggja öruggt starfsumhverfi og eyða þeirri óvissu sem sjávarútvegurinn býr við, þannig að greinin geti fengið að þróast til framtíðar með eðlilegum hætti.

Frumvarp sjávarútvegsráðherra fjallar að mestu um nýjar álögur á sjávarútveginn í formi afkomutengds veiðigjalds sem fari stighækkandi á næstu árum auk þess sem gert er ráð fyrir rýmkuðum reglum um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja.

Ályktun aðalfundar SF ber með sér að megináherslan er á öruggt starfsumhverfi í sjávarútvegi með auknu frjálsræði og heimilt verði að skrá aflahlutdeild á fiskvinnslustöðvar og rýmkaðar verði reglur um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja.

Algjör forsenda fyrir því að undirgangast veiðigjald á sjávarútveginn var og er að mati SF að gjaldtaka fyrir afnot af auðlindum verði mjög hófleg og jafnræðis verði gætt á milli atvinnugreina.

Ekkert bólar nú á umræðum um að jafnræðis fyrir afnot af auðlindum skuli gætt á milli atvinnugreina. Eingöngu er lagt til að sérstök gjaldtaka verði tekin upp á sjávarútveginn.

Ákvæði um að heimilt verði að skrá aflahlutdeild á fiskvinnslustöðvar er ekki að finna í frumvarpinu. Aftur á er þar að finna rýmkaðar reglur um hámarkaflahlutdeild fyrirtækja.


Í ljósi ofanritaðs leggst stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva alfarið gegn meginefni frumvarpsins þar sem fjallað er um auknar gjaldtökur á sjávarútveginn.

Stjórnin telur aftur á móti að rýmkaðar reglur um hámarksaflahlutdeild séu til verulegra bóta. Jafnframt er því varpað fram hvort ekki verði nægilegt að miða hámarksaflahlutdeild einstakra aðila við hámark 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla og fella jafnframt niður hámarksaflahlutdeild á einstakar tegundir.

Stjórnin lýsir yfir stuðningi við 1. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um að allur afli sem veiddur er í rannsóknaskyni á vegum Hafrannsóknastofnuar falli utan ákvæða laganna.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva


Arnar Sigurmundsson, formaður


Ágúst H. Elíasson, frkvstj.